

Skútustaðahreppur  
Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 7. janúar 2021  
UST202011-319/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi fyrir Hveri austan Námafjalls -  
Skútustaðahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hveri austan Námafjalls í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að skipulagsbreytingin tekur til svæðis frá Þjóðvegi nr. 1 að útsýnispalli og göngustígum á hverasvæðinu, alls 11,4 ha. Auk þess kemur fram að breytingin gengur út á að bílastæði og þjónustuhús eru færð nær Þjóðveginum og fjær hverasvæðinu til að stuðla að verndun þess. Lóðin stækkar úr 1835,1 m<sup>2</sup> í 2000 m<sup>2</sup> miðað við gildandi skipulag og byggingareitur er innan lóðamarka. Einnig kemur fram að dregið er úr umfangi göngustíga á hverasvæðinu. Tveir stígar liggja frá lóðinni að hverasvæðinu og við stígana eru svæði til dvalar og geymslu reiðhjóla. Tvær hringleiðir eru myndaðar, með útskotum þar sem hægt er að komast nær hverum. Staðsetning stíga er leiðbeinandi og getur breyst þegar að framkvæmdum kemur, ef aðstæður krefjast þess.


**Rask og frágangur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski á svæðinu verði haldið í lágmarki og lögð verði áhersla á að framkvæmdir verði afturkræfar, eins og kostur er.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur